

Fundargerð 466. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, miðvikudaginn 23. október kl. 17:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Akureyri.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri.

Hanna Björg Konráðsdóttir boðaði forföll

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórn Hafnasamband Íslands - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 465. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 9. september 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Hafnasambandsþing 2024 - 2210002HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2024.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Ásthildi Sturludóttir og Guðnýju Sverrisdóttur sem forseta þingsins. Tillaga að ályktun fyrir hafnasambandsþingið lögð fram til kynningar. Samþykkt var að hafnafundur 2025 verði hjá Höfnum Snæfellsbæjar og hafnasambandsþing 2026 hjá Reykjaneshöfnum.

3. Hafnasamband Íslands - fjárhagsáætlun 2023 - 2024 - 2410001HA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun og árgjöldum fyrir árin 2025-2026.

Stjórn samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og árgjöldum fyrir árin 2025-2026.

4. Öryggisnefnd tilnefningar - 2410002HA

Lagt fram endurskoðað erindisbréf fyrir Öryggisnefnd Hafnasambands Íslands þar sem lagt er til að fjölga í nefndinni.

Stjórn samþykkir að óska eftir tilnefningum frá Faxaflóahöfnum, Hafnarfjarðarhöfn, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjahöfn, Hafnasamlagi Norðurlands, Ísafjarðarhöfn og Fjarðabyggðarhöfnum í samstarfshóp hafnsögumanna og skipstjóra lóðs- og dráttarbáta. Samstarfshópurinn er hugsaður sem faghópur um fræðslu, öryggi og samstarf hafna.

5. Stjórn Hafnasamband Íslands - Fjarvigtun - 2009021HA

Pétur Ólafsson gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en ekki er ljóst hvenær hægt verður að hefja tilraunaverkefni í fjarvigtun.

Arnfríður Eide vék af fundi kl. 18:00.

6. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. - nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl. - óskað umsagnar - 2410003HA

Lögð fram drög að frumvarpi til laga, dags. 20. okt. 2024, um breytingu á ýmsum lögum /um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.), mál nr. S-213/2024, sem birt var í Samráðsgátt 15. október. Einnig lögð fram umsögn Cruise Iceland sem og umsögn Hafnasambands Íslands.

Stjórn Hafnasambandsins tekur undir umsögn Cruise Iceland, CLIA og AECO um ákvæði í frumvarpi fjármálaráðuneytisins um upptöku innviðagjalda á skemmtiferðaskip á komandi ári um leið og árréttuð eru andmæli við afnámi tollafrelsis á svokölluð leiðangurskip. Tillögur þessar eru illa ígrundaðar og gera ekki ráð fyrir neinni aðlögun að því skipulagi og bókonarferli sem unnið er eftir varðandi komur skemmtiferðaskipa til landsins.

Hafnasambandið varar við þeim afleiðingum sem þessi útfærsla á innviðgjöldum og afnmámi tollafrelsis getur haft á bókanir og komur skipa hingað til lands, þegar á komandi sumri. Ljóst er að fjölmargar hafnir munu mögulega missa umtalsverðar tekjur ásamt ferðapjónusta á viðkomandi stöðum, ekki síst hafnir vítt og breitt á landsbyggðinni.

Stjórn Hafnasambandsins skorar á stjórnvöld og alþingi að útfæra tillögur að gjaldheimtu vegna farþegaskipa í samvinnu og samráði við alla hagsmunadila, þannig að tryggt verði að sú mikilvæga uppbygging og tekjumyndun sem fylgir komum farþegaskipa megi viðhaldast og styrkja og efla áfram starfsemi þeirra liðlega 30 hafna vítt og breytt um landið sem taka á móti farþegaskipum ár hvert.

7. Aðgengi tollyfirvalda að rafrænum upptökum í rauntíma - 2410004HA

Rætt um tillögu að aðgengi tollyfirvalda að rafrænum upptökum í eftirlitsmyndavélum hafna í rauntíma.

8. Minnisblað Lex legal um rafræn vöktun á hafnarsvæðum og miðlun upplýsinga - 2306001HA

Lagt fram minnisblað Lex legal, dags. 22. okt. 2024, sem varðar heimildir hafna til rafrænnar vöktunar og miðlunar á efni úr eftirlitsmyndavélum, þar á meðal hvernig og í hvaða formi beri að afhenda gögn úr rafrænni vöktun.

Samþykkt að senda minnisblaðið á allar aðildarhafnir en jafnframt verður fjallað um efni þess á Hafnasambandsþingi 24.-25. október.

9. Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2410006HA

Rætt um erlend samskipti hafna og ákveðið að ræða betur á næsta fundi.

Fundi var slitið kl. 18:15